



Stýrihópur göngu- og hjólastíga

Fundargerð.

1. fundur Stýrihóps göngu- og hjólastíga Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 4. Febrúar 2025 kl. 16.⁰⁰ e.h.

Fundinn sátu:

Björn Kristinn Pálmarsson

Anna María Daníelsdóttir

Steinar Sigurjónsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Óttar Guðlaugsson

1. Mál – Kynning á starfsemi stýrihópsins – Björn Kristinn Pálmarsson kynnir hugmyndir hópsins

Björn kynnir hugmyndir þessa stýrihóps og vitnar í minnisblað Ragnars og Guðrúnar Ásu *Hjóla- og gönguleiðir meðfram þjóðvegum í Grímsnes- og Grafningshrepp. Valkosta- og kostnaðargreining.*

Leggur til að stýrihópurinn verður með ákveðna sýn um ákveðið verkefni til að skila af sér til sveitarfélagsins. vill að við setjum okkur markmið með hvað við ætlum að vinna með. Forgangsraða verkefni eftir því. Anna spyr hvort við séum að ákveða samgöngu- eða útivistarleiðir. Hópurinn var sammála um að leggja áherslu á samgöngumál.

Ákveðið er að skrásetja fyrirbyggjandi opnar gönguleiðir í sveitarfélaginu og koma með tillögur út frá öryggissjónarmiðið, þörfum notenda og kostnaðaráætlun.

Talað er um reiðstíga í sveitarfélaginu og Anna María talar um viðhald á reiðstígum. Björn minnst á að jafnframt að finna allar mögulegar leiðir til að tengja saman þéttbýli, sumarbústaðarlönd ofrvs.

Hópurinn er sammála að horfa í 4 leiðir út frá minnisblaði Ragnars Guðmundssonar og Guðrúnar Ásu Kristleifsdóttur

Bókun: Hópurinn mun leggja fram áætlun með gönguleiðir á næsta fundi með rökstudda ákvörðun út frá þeim sjónarmiðum sem hópurinn var sammála um. Anna og Björn spyrjast fyrir um núverandi gönguleiðir í sveitarfélaginu og kynna tillögur á næsta fundi en Óttar og Steinar munu skoða og leggja fram rökstuddar tillögur á næsta fundi varðandi valkosti úr minnisblaði Ragnars og Guðrúnar Ásu um út frá þeim forsendum sem hópurinn var sammála um.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 17:24